

Aðalfundur Listvinafélagsins í Hveragerði var haldinn sunnudaginn 19. apríl 2015, kl. 11:00 í Listasafni Árneseinga.

Liðlega 20 manns mættu á fundinn.

Guðrún Tryggvadóttir formaður félagsins setti fund og tilnefndi Eyþór Ólafsson fundarstjóra og Sæunni Freydísi Grímsdóttur fundarritara, fundurinn samþykkti með lófaklappi.

Fundarstjóri, bauð Guðrúnu Tryggvadóttur að koma upp og flytja skýrslu stjórnar.

1. Formaður Guðrún Tryggvadóttir byrjaði á að þakka að fundurinn hefði ekki verið mánuði fyrr, þá hefði verið vitlaust veður. Síðan flutti hún skýrslu sína og sagði frá störfum stjórnarinnar og því sem félagið hefði verið að gera á árinu, ennfremur reifaði hún hugmyndir um sýningu í Listigarðinum á 9 sýningarveggjum og galleríkjarna sem hver og einn segði frá einum listamanni sem hefði búið í Hveragerði.

Hún sagði frá opnum vinnustofum í október í tengslum við Safnahelgi á Suðurlandi. Viðburðurinn var kallaður “Listamenn í Hveragerði bjóða heim“ Þátt tóku auk Guðrúnar, þau Mýrmann, Guðmundur Hinriksson og Myndlistarfélag Árneseyslu sem öll opnuðu sínar vinnustofur. Fjöldi gesta sóttu vinnustofurnar heim og þótti vel takast.

Guðrún minntist á sýningu Svans Jóhannessonar „Prentsmiðjueintök“ Prentsmiðjusaga Íslands sem sett var upp í Bókasafninu í Hveragerði. Egill Helgason fjallaði um sýninguna í Kiljunni.

Guðrún minnti á síðuna okkar „listvinir.is“. Svanur mun fjalla um hana hér á eftir.

Listvinafélagið tók þátt í verkefninu Bókabæirnir austan fjalls.

Hlutverk Listvinafélagsins er að muna eftir listaperlunum, rifja þær upp og sýna, síðan las hún eitt erindi úr ljóði Jóhannesar úr Kötlum sem hann orti ungur maður og byrjar á: Leikur öræfaandi. Ljóðið sýnir vel ást og virðingu Jóhannesar fyrir náttúrunni.

Á síðasta ári kynnti Listvinafélagið bæjarstjórninni hugmynd sína og var svo vel tekið að haldið hefur verið áfram að þróa hana og fínþússa.

Þeir sem verða á fyrstu veggjunum eru eftirtaldir: Kristinn Pétursson, Höskuldur Björnsson, Ingunn Bjarnadóttir, Kristján frá

Djúpalæk, Kristmann Guðmundsson, Jóhannes úr Kötlum, Valdís Halldórsdóttir, Gunnar Benediktsson og séra Helgi Sveinsson. Guðrún reifaði einn mikilvægasta lið þessa fundar en þar óskaði hún eftir tillögum um hvernig mætti fjármagna sýningarveggina og benti á þar til gerður kassi liggi hér frammi.

2. Svanur Jóhannesson gjaldkeri félagsins las og skýrði reikninga félagsins fyrir árið 2014.

Rekstrarreikningur árið 2014		Gjöld
Tekjur		
Félagsgjöld,	41 greiddi félagsgjöld	
82.000,-		
Styrkir	Menningarráð Suðurl. 400.000,-	800.000,-
	Hverageðisb.-Brunabót <u>400.000,-</u>	
Kostn.v. sýninga / hönnun	1.270,-	
Hönnun	<u>500.000,-</u>	501.270,-
Annar kostnaður		57.370,-
Fjármagnsliðir	Vaxtatekjur 5.977,-	
	<u>Fjármagnst.sk. 1.195,-</u>	4.782,-
	Samtals tekjur/gjöld	558.640,- 886.782,-
	Tekjuafgangur	
	<u>328.142,-</u>	
	Samtölur	<u>886.782,- 886.782,-</u>

Efnahagsreikningur 31. Des. 2014.		Eignir
Skuldir		
Vefur og sýningarmunir.		600.000,-
Innistæða bankareikn. 145245		617.918,-
Eigið fé í lok fyrra árs	889,776,-	
Tekjuafgangur 2014	<u>328.142,-</u>	
Eigið fé í árslok 2014	<u>1.217.918,-</u>	
1.217.918,		
Eign til næsta árs		1.217.918
1.217.918,		

Gjaldkeri upplýsti að á skrá hjá félaginu í dag séu 63 félagar og hafi þeim sem ekki greiddu félagsgjöld fyrir árið 2014 verið send rúkkun félagsgjalda, nokkrir hafi þegar greitt gjaldið.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og reikninga upp til samþykkir fundarins og var hvort tveggja samþykkti með lófaklappi.

3. Lagabreytingar. Lagabreytingar eru engar og því ekki tekið fyrir.
4. Félagsgjöld. Lagt til að félagsgjöld séu óbreytt kr. 2.000,- Fundurinn samþykkir það.
5. Starfsáætlun fyrir næsta ár. Guðrún Tryggvadóttir hefur reifað það í skýrslu sinni hér fyrir í fundargerð.
6. Kosning formanns. Guðrún Tryggvadóttir hefur lokið þremur árum en hún gefur kost á sér áfram. Fundurinn samþykkir með lófaklappi.
7. Kosning stjórnar og varamanna. Úr stjórn ættu að ganga Svanur Jóhannesson og Inga Jónsdóttir, þau gefa bæði kost á sér og eru samþykkt með lófaklappi. Varamaður úr stjórn ætti að ganga Sölvi Ragnarsson en hann gefur kost á sér áfram og er samþykkt með lófaklappi.
Engin mótframboð komu til formanns, stjórnar eða varastjórnar. Endurskoðendur reikninga félagsins eru áfram Kristín Dagbjartsdóttir og Jóhanna M. Hjartardóttir, samþykkt með lófaklappi.
8. Önnur mál.
Jóhann Gunnarsson, tekur fram að hann sé gestur á fundinum en ekki félagsmaður, spyr hvort ekki sé upplagt að sækja styrki til Karolínafund. Hann er hvattur til að skrifa uppástungu sína og setja í hugmyndasjóðinn.

Eypór Ólafsson vekur athygli á að stundum hafi verið rætt um gerð minjagripa til fjáröflunar fyrir Listvinafélagið.

Guðrún Tryggvad. sagði frá að N4 hefði verið hjá sér að taka upp fyrir sjónvarpsstöðina og þar hafi hún einnig sagt frá Listvinafélaginu og verkefnum þess. Guðrún vakti athygli á bókinni um sýninguna sem væri á hugmyndaborðinu.

Guðrún sagði að allir sýningarveggirnir mundu kosta um 9 milljónir, 360.000,- hver sýningarveggur. Hún sagðist hafa metnað til að

setja alla sýningaveggina upp í einu, ef þeim væri dreift t.d. á 10 ár (væru þau elstu farin að óskýrast) myndi sýningin þá missa marks.

Violette Meyssonier spurði um endingu sýningaveggjanna. Guðrún sagði að tiltölulega einfalt væri að endurnýja myndirnar á veggjunum, þær væru 80% gegnsæjar, þannig að umhverfið mundi sjást í gegnum myndirnar en grindin yrði gerð úr skóginum hér fyrir ofan og efnið væri þegar til í grindurnar, bærinn hefði gefið vilyrði um viðhald þeirra.

Eypór sagði bæinn gera samning við félög um styrki til starfsemi þeirra og gæti þetta verkefni fallið undir þá.

Inga Jónsdóttir sagði að e.t.v. mætti bjóða fyrirtækjum og einstaklingum að styrkja verkefnið og fengju þá styrktaraðilar nafn sitt á spjald sem staðsett væri í garðinum.

Margir spjölluðu um málefni félagsins og hvernig mætti safna fé til framkvæmdanna, það tekur tíma að koma með efni og framkvæma verkefnin, vel þarf að vanda til verkanna.

Svanur sagði frá Tímalínunni á vefsíðu félagsins <listvinir.is> en 69 listamenn eru komnir þar inn, 3 nýir og a.m.k. 12 í vinnslu svo tímalínan gæti hýst bráðlega um 80 manns.

Nokkuð var rætt um hverjir gætu verið á tímalínu vefsíðunnar og hvað þyrfti til, þyrftu þeir að vera búsettir í Hveragerði?

Fundi slitið kl. 11:50.

Fundargestum boðin súpa og brauð sem vel var þegið og spjölluðu fundarmenn góða stund eftir fundinn.